

8.11.2013

*B. Upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir.*  
*Upplýsingaskylda umsækjanda og greiðsluþega.*

Umsækjanda eða greiðsluþega er rétt og skylt að taka þátt í meðferð málsins, m.a. með því að koma til viðtals og veita Tryggingastofnun þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru svo unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og annarra greiðslna samkvæmt lögnum og endurskoðun þeirra. Þá er skylt að tilkynna um breytingar á tekjum eða öðrum aðstæðum sem geta haft áhrif á bætur eða greiðslur.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um maka umsækjanda eða greiðsluþega eftir því sem við getur átt.

Líst vel á þær breytingar sem lagðar eru fram í frumvarpi til laga um almannatryggingar, málefni aldra og félagslega aðstoð (upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir), 144. mál.

Sé þó ekki hvar kveðið er á um upplýsingaskyldu greiðsluþega til umsækjanda í *B. Upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir. Upplýsingaskylda umsækjanda og greiðsluþega.*

Tel að það þurfi að kveða sterkar á um upplýsingaskyldu til umsækjanda um að öll fyrirliggjandi gögn (um fjárhag hans og fl.) í hinum ýmsu kerfum og hjá hinum ýmsu stofnunum verði skoðuð samkvæmt lögum og reglum.

Þetta gæti dregið úr þeim möguleika að fólk sé að sækja um bætur með villandi upplýsingar í höndunum, samanber:

*Eftirlit og viðurlög.*

Leiki rökstuddur grunur á að bætur séu greiddar á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga frá greiðsluþega er heimilt að afla upplýsinga frá þriðja aðila sem ætla má að geti veitt upplýsingar er máli skipta í því skyni að leiðrétta bótagreiðslur.

Flott vinna

*Rakel Valdimarsdóttir, RN MHRM*  
*Verkefnastjóri/Project Manager*  
*Geðsvið/Mental Health Services*  
*Landspítali/The National University Hospital of Iceland*